

[ENDURRIT]  
**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2016**

Þann 18. mars 2016 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Klara Hrönn Sigurðardóttir yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 99,99% hluta í félaginu og fer Steinþór Pálsson bankastjóri með öll þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja. Auk fulltrúa hluthafa voru stjórnarmennirnir Sigurbjörn J. Gunnarsson, Jón Þór Grímsson, Helga Gunnarsdóttir og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins Helgi Þór Arason, endurskoðandinn Helgi F. Arnarson frá endurskoðunarfélaginu KPMG ehf. ásamt fulltrúum frá endurskoðunarfélaginu Grant Thornton ehf., sem tillaga hefur verið gerð um að verði kosið endurskoðunarfélag Landsbréfa. Þá voru mættir á fundinn ýmsir gestir og margir starfsmanna félagsins.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2015 lagður fyrir til samþykktar
4. Ákvörðun um meðferð hagnaðar
5. Kjör stjórnar félagsins
6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags
7. Starfskjarastefna félagsins
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Gengið var til umræðu og afgreiðslu dagskrármála.

## **2. Skýrsla stjórnar félagsins**

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins flutti skýrslu stjórnar um hag og rekstur á liðnu starfsári. Í máli hans kom fram að rekstur Landsbréfa hefði gengið mjög vel á árinu 2015 og raunar hefði árið almennt verið gott hér á landi í efnahagslegu tilliti, þar sem mikill uppgangur hefði verið í ýmsum greinum, einkum í ferðaþjónustu. Þróun á verðbréfamarkaði hefði verið hagstæð og möguleikar til ávöxtunar fjölbreyttari. Í máli stjórnarformanns kom fram að árið 2015 hefði án vafa verið besta árið í sögu Landsbréfa frá því að fyrirtækið yfirtók rekstur forvera síns. Reksturinn hefði gengið

mjög vel og félagið skilað góðri arðsemi til eiganda síns, Landsbankans. Rekstrartekjur námu 1.569 m.kr. samanborið við 1.100 m.kr. árið á undan, sem er 42% hækkun frá fyrra ári. Hagnaður nam 616 m.kr. eftir skatta. Eigi fé var 2.447 ma.kr. en var 1.832 ma.kr. árið á undan. Eiginfjárlutfall skv. lögum var 86,5% en má ekki vera minna en 8%. Sagði hann að stjórn gerði tillögu um að ekki yrði greiddur arður þetta árið heldur yrði hagnaði ársins ráðstafað til hækkunar á eigin fé. Hins vegar hefði stjórn sett sér arðgreiðslustefnu sem kynnt yrði síðar á fundinum sem myndi lögð til grundvallar tillögum stjórnar um arðgreiðslur á komandi árum. Stjórnarformaður sagði að í árslok 2015 hefðu starfað 17 starfsmenn hjá félaginu og hefði þeim fækkað um einn á árinu. Eignir í stýringu um áramót voru um 129 ma. kr. samanborið við 111 ma. kr. í upphafi árs. Alls voru um 13 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa eða í eignastýringu hjá félaginu í lok árs.

Stjórnarformaður sagði frá að árið 2015 væri síðasta ár KPMG væru endurskoðendur félagsins og þakkaði þeim samstarfið. Fram kom að haldnir hefðu verið 11 stjórnarfundir á árinu. Kom fram að starfandi væru tvær undirnefndir stjórnar, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Starfskjaranefnd hélt einn fund á árinu en endurskoðunarnefnd þrjá fundi.

Í lok máls síns sagði stjórnarformaður að sjóðastýringarfyrirtæki eins og Landsbréf ætti sem fyrr mikið undir því að njóta trausts viðskiptavina sinna og þyrfti því að þjóna þeim vel. Þetta væri verkefni sem allir sem koma að rekstri Landsbréfa vinna að, enda gerðu bæði stjórn og starfsfólk Landsbréfa sér grein fyrir því að hagsmunir Landsbréfa og viðskiptavina færu saman. Hann þakkaði að lokum meðstjórnarmönnum gott samstarf, Landsbankanum og þakkaði jafnframt framkvæmdastjóra félagsins og starfsfólki þess mikil og góð störf fyrir félagið

Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum dagskrárlið.

### **3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2015 lagður fyrir til samþykktar**

Ársreikningur félagsins lá frammi til samþykktar. Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri félagsins, fór nánar yfir uppgjör félagsins og helstu liði þess. Hann fór yfir það helsta sem um er að vera í félaginu þessa dagana og helsta frá síðasta ári. Vakin var athygli hluthafa á því að endurskoðandi félagsins væri á fundinum ef menn vildu beina til hans spurningum um uppgjörið. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar og hann er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### **4. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar**

Fundarstjóri vísaði til umfjöllunar formanns félagsins og sagði tillögu stjórnar vera þá að hagnaði ársins yrði ráðstafað til hækkunar á eigin félagsins. Hann vakti athygli á að í

fundargögnum væri arðgreiðslustefna sem stjórn félagsins hefði samþykkt og væri hún lögð fram til kynningar á fundinum.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillaga stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim einstaklingum sem eru í kjöri til stjórnar og varastjórnar, en núverandi stjórnarmenn og varastjórnarmenn eru þau einu sem eru í framboði. Í framboði sem aðalmenn eru:

Helga Gunnarsdóttir  
Jón Þór Grímsson  
Kristinn Ingi Lárusson  
Sigríður Hrund Guðmundsdóttir  
Sigurbjörn Jón Gunnarsson,

og sem varamenn þau Bergþór I. Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir. Stjórn og varamenn eru því sjálfkjörnir. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og voru framangreindir einstaklingar þannig lýstir rétt kjörnir sem stjórnarmenn og varamenn í stjórn með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að þar sem fimm ára starfstíma KPMG ehf. sem endurskoðunarfélag Landsbréfa væri nú lokið yrði lögum samkvæmt að kjósa félaginu nýjan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Var KPMG ehf. þakkað góð störf í þágu félagsins. Stjórn gerir tillögu um að Grant Thornton ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag Landsbréfa hf. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og var Grant Thornton ehf. þar með lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Fulltrúar þeirra voru staddir á fundinum.

## 7. Starfskjarastefna félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að gildandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt óbreytt, en stefnan fylgdi með fundargögnum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og var hún samþykkt.

## 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirleggjandi tillögu um þóknun til stjórnar, sem gerir ráð fyrir að hún verði óbreytt. Tillagan er sú að þóknun til stjórnarmanna verði 200.000 kr. á mánuði og að mánaðarleg þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 50.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna. Þá er lagt til að þóknun til undirnefnda stjórnar, þ.e. starfskjaranefndar og

endurskoðunarnefndar, verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund og tvöföld sú fjárhæð fyrir nefndarformann. Þá er lagt til að ekki skuli greiða þóknun fyrir fleiri en einn fund í undirnefndum stjórnar á mánuði og að ekki verði greidd þóknun til starfsmanna í samstæðu Landsbankans hf. vegna starfa þeirra í stjórn eða undirnefndum stjórnar Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Önnur mál

Undir þessum lið kvaddi Steinþór Pálsson bankastjóri sér hljóðs. Hann ávarpaði fundinn og þakkaði sérstaklega stjórn Landsbréfa hf. og starfsmönnum félagsins fyrir vel unnin störf. Hann sagði félagið vera að skila árangri gagnvart viðskiptamönnum, með ávöxtun og vexti, gagnvart eigendum með fjárhagslegum árangri, með góðri liðsheild og samstarfi. Hann sagði frábært að hafa öfluga einingu eins og Landsbréf í samstæðunni.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð. Fleira var ekki rætt á fundinum. Fundargerð var lesin upp í lok fundar og fundi slitið kl. 16.45.

Þannig farið fram.

[sign]

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

[sign]

Klara Hrönn Sigurðardóttir, fundarritari